

Miðvikudaginn 31. marz 1971.

Nr. 1/1971. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h.**
Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík
 (Barði Friðriksson hrl.)
 gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h.
Félags íslenzkra rafvirkja
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Úrskurður um frestun máls.

Úrskurður.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 1. febrúar þ. á., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags íslenzkra rafvirkja.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

að viðurkennt verði að félagsmönnum stefnda sé óheimilt að vinna hjá Páli J. Pálssyni rafvirkjameistara, Meðalholti 10, Reykjavík, á meðan hann er ekki félagsmaður stefnanda, Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík.

að stefnda verði, að viðlögðum dagsektum kr. 2.000 á dag frá uppkvaðningu dóms í máli þessu, gert skylt að sjá svo til, að enginn félagsmaður stefnda, Félags íslenzkra rafvirkja, vinni hjá greindum Páli J. Pálssyni rafvirkjameistara, á meðan hann er ekki félagsmaður í Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík og nógildandi kjarasamningur málsaðilja er í gildi.

að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Kröfur stefnanda hér fyrir dómi eru byggðar á því, að Páli J. Pálssyni rafvirkjameistara hafi hinn 29. apríl 1970 verið vikið úr Félagi löggiltra rafvirkjameistara. Nú sé svo um

samið í kjarasamningi milli aðilja máls þessa, dags. 2. júlí 1970, að félagsmönnum í Félagi íslenzkra rafvirkja sé óheimilt að vinna rafvirkjastörf hjá þeim rafverktökum í Reykjavík, sem ekki séu félagsmenn í Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík. Þetta sammingsákvæði leiði til þess, að félagsmönnum í Félagi íslenzkra rafvirkja sé óheimilt að vinna rafvirkjastörf hjá Páli J. Pálssyni rafvirkjameistara eftir brottvikningu hans úr rafverktakafélaginu. Þessu hafi rafvirkjar ekki viljað hlíta, og sé málið því höfðað til dóm sviðurkenningar á skilningi stefnanda á þessu sammingsákvæði.

Stefndi hefur nú krafizt þess, að máli þessu verði frestað til 13. október n. k., og styður hann kröfu sína um frest þeim rökum, að Páll J. Pálsson rafvirkjameistari hafi höfðað mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, þar sem hann geri þær dómkröfur, að brottvikning hans, 29. apríl 1970, úr Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík verði dæmd ógild og ólögmaet. Páll hafi marga félagsmenn úr Félagi íslenzkra rafvirkja í þjónustu sinni og eigi því mikla hagsmuni undir úrslitum félagsdóms málsins, er fjalli um það, hvort félagsmönnum nefnds félags sé samkvæmt kjarasamningi þeirra og stefnanda heimilt að vinna í þjónustu hans. Þar geti skipt miklu máli, hvernig félagsréttindum Páls sé háttað. Um það atriði hafi Félagsdómur ekki dómsvald og hafi Páll þannig ekki fengið aðstöðu til þess að gæta hagsmuna sinna hér fyrir dómi í máli, sem skipti hann mjög miklu hagsmunalega. Mál það, sem hann reki nú fyrir hinum almennu dómstólum, geti hins vegar skorið úr því, hver réttarstaða hans sé, og hljóti þannig að verða af atriði við úrlausn þessa máls hér fyrir dómi.

Stefnandi hefur mótmælt frestbeiðni stefnda og krafizt þess að málinu verði haldið fram hér fyrir dómi án tillits til málshöfðunar Páls J. Pálssonar fyrir bæjarþinginu.

Svo sem rakið hefur verið, eru dómkröfur stefnanda í máli þessu byggðar á því, að félagsmönnum stefnda sé samkvæmt ákvæðum kjarasammings þess, sem í gildi er milli aðilja máls þessa, óheimilt að vinna í þjónustu Páls J. Pálssonar rafvirkjameistara, þar sem hann eftir brottvikningu hans, 29. apríl 1970, sé eigi lengur félagsmaður í Félagi löggiltra raf-

verktaka í Reykjavík. Á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 18. þ. m. var þingfest mál, sem Páll hefur höfðað gegn nefndu félagi, og eru dómkröfur hans í því máli þær, að brottvikning hans úr félaginu verði dæmd ógild. Félagsdómur hefur eigi vald til þess að dæma um lögmæti nefndrar brottvikningar, en gildi hennar getur skipt verulegu máli um réttarstöðu Páls J. Pálssonar og félagsmanna í Félagi íslenzkra rafvirkja, að því er varðar þau ákvæði kjarasamnings málsaðilja, sem til álita eru í þessu máli. Kann niðurstaða bæjarþingsmálsins þannig að hafa þýðingu fyrir úrlausn þessa máls hér fyrir dómi.

Að þessu athuguðu og með hliðsjón af 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, þykir rétt, að máli þessu sé að svo stöddu frestað til 8. september þ. á.

Á l y k t a r o r ð :

Máli þessu er frestað til 8. september næstkomandi.

Dómur Hæstaréttar 25. febrúar 1974.

Brottvikning Páls J. Pálssonar dæmd ógild.

Félagsdómsmálið féll niður í septembermánuði 1974.
